

9.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. marz 1970.

Nr. 20/1969. **Ólafur Helgason**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Rögnu Aðalsteinsdóttur og Sigríði

Aðalsteinsdóttur og

(Bárður Jakobsson hrl.)

**Landbúnaðarráðherra til réttargæzlu,
og gagnsök.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1969. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Að því er efni málsins varðar, krefst aðaláfrýjandi þess aðallega, að synjað verði um „innlausnarrétt til handa“ gagnáfrýjendum „að veiðiréttindum fyrir „hálfum Efstadal“ í Laugardal, Ögurhreppi“, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu af innlausnarkröfu gagnáfrýjenda. Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi þess, „að innlausnarréttur taki ekki til veiði í Efstadalsvatni“. Þá gerir aðaláfrýjandi að lokum þá kröfu, að verði gagnáfrýjendur „taldir eiga innlausnarrétt að veiðinni, þá verði svo ákveðið“, að aðaláfrýjandi „eigi endurkaupsrétt (innlausnarrétt) að jarðarhelmingi þeim eða eignarhluta, sem hér um ræðir“. Í öllum tilvikum hefur aðaláfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 22.

märz 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefjast þær þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en aðaláfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en gagnáfrýjendum var veitt gjafsókn í máli þessu fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 4. júlí 1969.

Gagnáfrýjendur hafa stefnt landbúnaðarráðherra til réttargæzlu með stefnu 5. marz 1969. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, en hann hefur eigi sótt þing.

Í máli þessu er fjallað um kröfu gagnáfrýjenda til að fá viðurkenndan innlausnar- og eignarrétt þeirra að veiðirétti fyrir hálfum Efstadal í Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, „fyrir Laugardalsá og vötnum í Laugardal“.

Mál þetta var í héraði rekið fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu á Ísafirði, að því er virðist með samþykki aðilja. Samkvæmt ákvæðum 78. gr., sbr. 72. gr. laga nr. 85/1936 skyldi mál þetta rekið fyrir héraðsdómi í Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, og máttu aðiljar eigi semja um, að það skyldi rekið í annarri þinghá. Þegar af þessari ástæðu ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Það athugast, að mál þetta er mjög vanreifað. Gögn skortir um, að málsaðiljar séu þinglesnir eigendur jarðarinnar Efstadals. Elkkert er fram komið um veiði í vötnum þeim, sem um er fjallað í málinu, og á hvern hátt henni er ráðstafað. Eigi verður séð, að atvinnumálaráðherra hafi leitað álits aðaláfrýjanda, áður en gagnáfrýjendum var veitt leyfi til að leysa til sín veiðiréttinn. Þá kemur eigi fram, að hinir dómkvöddu matsmenn hafi gefið aðiljum kost á að gæta réttar síns, áður en þeir framkvæmdu mat sitt, og ekki kemur fram í matsgerðinni, hvaða gögn lágu fyrir matsmönnum og hvaða sjónarmið þeir lögðu til grundvallar við matsgerðina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Allur áfrýjunarkostnaður gagnsakar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun lögmanns gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður gagnsakar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns gagnáfrýjenda, Bárðar Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 20. nóvember 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 20. nóvember, var á aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, Ögurhreppspinghá, sem haldið var af Einari Gunnari Einarssyni fulltrúa í dómsal embættisins á Ísafirði, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 4. október s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 26. júní 1968, af Rögnu og Sigríði Aðalsteinsdætrum, Laugabóli, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, gegn Ólafi Helgasyni framkvæmdastjóra, Njörvasundi 36, Reykjavík, til þess að fá með dómi viðurkenndan innlausnar- og eignarrétt á veiðirétti fyrir hálfum Efstadal í Ögurhreppi fyrir Laugardalsá og vötnum í Laugardal í sama hreppi. Er þess krafizt, að stefnendum verði til-dæmt að fá að leysa til sín til eignar hinn umrædda veiðirétt, svo og er krafizt alls útlagðs kostnaðar sem og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi gerði þær dómkröfur aðallega, að synjað verði um innlausnarrétt til handa stefnendum að veiðiréttindum fyrir hálfum Efstadal í Laugardal, Ögurhreppi, til vara, að sýknað verði að svo stöddu. Til þrautavara krefst stefndi, að innlausnarréttur nái ekki til veiði í Efstadalsvatni, og til þrauta-þrautavara er þess krafizt, að verði stefnendur taldir eiga innlausnarrétt að veiðinni, þá verði svo ákveðið með dómi, að stefndi eigi endurkaupsrétt (innlausnarrétt) að jarðarhelmingi þeim eða eignarhluta, sem hér um ræðir. Þá krefst hann enn fremur málskostnaðar eftir mati dómsins úr hendi beggja stefnenda in solidum, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Aðiljar voru sammála um, að ekki væri nauðsynlegt að fara á vettvang, og enn fremur sammála um, að ekki væri nauðsyn fjölskipaðs dóms.

Sátta var leitað árangurslaust.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dags. 5. janúar 1942, seldi stefndi föður stefnenda, Aðalsteini Jónassyni, Laugabóli, Ögurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, hálfa jörðina Efstadal í Laugardal, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, að undanteknum veiðirétti Laugardalsár.

Stefnendur, sem eru dætur Aðalsteins heitins Jónassonar, erfðu við lát hans þann jarðarhluta, sem hér um ræðir, og eru sameigendur að eigninni. Með bréfi, dags. 8. febrúar 1966, fóru stefnendur fram á það við landbúnaðarráðherra, að hann samþykkti innlausn á ofangreindum veiðirétti í Laugardalsá, sbr. 3. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957.

Að fengnum meðmælum veiðimálanefndar og með skírskotun til nýgreindra lagaákvæða heimilaði landbúnaðarráðherra með bréfi, dags. 13. júní 1967 stefnendum að innleysa til sín veiðirétt í Laugardalsá, sem svarar til eignarhluta þeirra í jörðinni.

Fóru stefnendur síðan fram á útnefningu matsmanna til að meta ofangreindan veiðirétt þann 12. desember 1967, sbr. XVI. kafla laga nr. 53/1957, og voru útnefndir 3 menn þann 6. febrúar 1968. Að vandlega athuguðu máli urðu matsmenn sammála um að meta umræddan veiðirétt á kr. 7.000.00. Stefndi óskaði ekki eftir yfirmati, en mótmælti matsgerðinni á þeirri forsendu, að hann samþykkti ekki innlausn veiðiréttinda nema samkvæmt dómi, að matið væri markleysa og of lágt að fjárhæð.

Stefnendur telja, að þær eigi skilyrðislausan rétt til innlausnar veiðiréttinum gegn gjaldi samkvæmt framlögðu mati, kr. 7.000.00, enda heimili 3. gr. laga nr. 53/1957, áður sama grein laga nr. 112/1941, að leysa til sín hinn fráskilda veiðirétt, og telja þær, að öllum þeim skilyrðum, er lögin setja og settu fyrir innlausnarréttinum, sé fullnægt af þeirra hálfu, svo sem umsögn veiðimálanefndar og leyfi ráðherra, og skilyrði um, að $\frac{3}{4}$ hlutar landeigenda krefjist innlausnar, eigi ekki hér við. Þá telja þær, að frátaka veiðiréttarins undan jarðarhlutanum hafi frá upphafi verið ólögleg samkvæmt þágildandi lögum um lax- og silungsveiði nr. 112/1941.

Stefndi rökstyður kröfur sínar þannig, að innlausnarákvæði lax- og silungsveiðilaganna sé eignarnáms eðlis og þess vegna háð skilyrði stjórnarskrárinnar fyrir eignarnámi, að um almenningsheill sé að ræða, sem ekki sé fullnægt hér, og bryti það í bág við ákvæði stjórnarskrárinnar, 67. gr., ef einum einstaklingi væri heimiluð slík innlausn, eins og hér sé farið fram á. Stefndi

telur, að hér sé eingöngu um að ræða persónulega einkahagsmuni, sem gangi út yfir hagsmuni stefnda. Til þess að slíkar eignasviptingar séu löglegar, þurfi þær að ganga vítt og jafnt yfir og fleiri en einn aðili að eiga hlut að máli beggja vegna í sömu veiðigrennd og vísar til 3. gr. lax- og silungsveiðilaganna, þar sem tilskilið er, að $\frac{3}{4}$ hlutar þeirra verði að krefjast innlausnar. Ekki sé heldur um að ræða almenningsþörf vegna friðunar eða fiskiræktar. Faðir stefnenda gerði ekki kröfu til, að veiðiréttindin fylgdu með í kaupum, því að hér hafi aðeins verið um að ræða sölu á beitar- og slægjuafnotum jarðarinnar og veiðiréttinum því ekki haldið undan við söluna. Forsenda fyrir sölunni hafi verið sú, að stefndi héldi veiðiréttinum, og er því gerð varakrafa um endurkaupsrétt. Hér sé ekki að ræða um sjálfstæða jörð og landareignin verði ekki nýtt, eins og almennt er um jarðir, enda um að ræða eyðijörð, og veiðirétturinn verði því alveg jafnt skilinn frá jörðinni, hvort sem hann er í höndum stefnenda eða stefnda. Um sé að ræða óútskiptan hluta óbyggðrar jarðar, — í óskiptri sameign. Stefnendur geti því ekki tilgreint neina ákveðna „landareign“, sem innleysa á veiðirétt fyrir, og þess vegna ekki hægt að leggja efnisdóm á málið að svo stöddu og gerir því varakröfu um sýknun að svo stöddu. Áður hefur verið getið um mótmæli stefnda gegn matinu.

Stefnendur hafa þegar fengið leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnum meðmælum Veiðimálanefndar, til að innleysa umræddan veiðirétt, sem svarar til eignarhluta þeirra í jörðinni (hálfri) Efstadal, Ögurhreppi. Verður ekki séð, að ákvæðið um „ $\frac{3}{4}$ hluta eigenda“ eða stofnun veiðifélags komi í veg fyrir, að skilyrðum til innlausnar á veiðiréttinum sé þegar fullnægt samkvæmt 3. gr. laga nr. 53/1957.

Samkvæmt framansögðu þykir rétt að taka kröfu stefnenda um innlausn á veiðiréttinum í Laugardalsá að hálfu til greina gegn greiðslu til stefnda samkvæmt matinu, kr. 7.000.00.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnendur, Ragna og Sigríður Aðalsteinsdætur, hafa sem eigendur að hálfri jörðinni Efstadal í Ögurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu rétt til innlausnar samkvæmt 3. gr. laga nr. 53/1957 á veiðirétti í Laugardalsá í Ögurhreppi, sem svarar til jarðarhluta þeirra, gegn greiðslu til stefnda, Ólafs Helgasonar, á kr. 7.000.00.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. marz 1970.

Nr. 234/1969. **Sveinn Gunnarsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Fiskanesi h/f

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1969. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 510.836.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. marz 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann og, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Geirfugli, GK 66, til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

9. október 1969

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. september s.l., hefur Sveinn Gunnarsson, Morastöðum, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu, höfð-